

# Sáðvörur

Vorið 2004



FB búvörur, Selfossi  
Sími 482 3767 / 482 3768  
Fax 482 3769

FB búvörur Hvolsvelli  
Sími 487 8413  
Fax 487 8225

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimf: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Fræið verður sótt

Óskast heimkeyrt

Grasfræ		Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Verð án vsk pr. kg	Pöntun
Vallarfoxgras	Vega	25	25	280	
Vallarfoxgras	Engmo	25	25	280	
Vallarfoxgras	Grindstad	25	25	380	
Vallarsveifgras	Sobra	15	25	360	
Vallarsveifgras	Balin	15	25	340	
Vallarsveifgras	Fylking	15	25	565	
*Grasfræblanda I		25	25	350	
**Grasfræblanda II		25	25	395	
Túnvingull	Reptans	25	25	295	
Fjölært rýgresi	Tetramax	35	10	280	
Rauðsmári	Bjursele	5-6	10	755	
*Grasfræblanda I, gefur góðan endurvöxt, tilvalin þar sem slegið er tvisvar. **Grasfræblanda II, hentar vel til beitar og þar sem slegið er einu sinni. Vetrarþol meira en í Grasfræblöndu I.					
Grænfóðurfræ		Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Verð án vsk pr. kg	Pöntun
Grænfóðurhafrar	Gunhild	180-200	40	65	
Sumarrýgresi	Barspectra	35	25	175	
Sumarrýgresi	Avance	35	25	175	
Vetrarrýgresi	Barextra	35	25	175	
Vetrarrýgresi	EF 486 Dasas	35	25	175	
Sumarrepja	Pluto	15	10	750	
Vetrarrepja	Emerald	8	25	249	
Fóðurmergkál	Grüner Angeliter	6	25	1150	
Bygg til þroska		Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Verð án vsk pr. kg	Pöntun
Arve	6 raða	180-200	40	65	
Olsok	6 raða	180-200	40	70	
Ven	6 raða	180-200	40	70	
Saana	2 raða	180-200	50	51	
Rekyl	2 raða	180-200	50	59	
Filippa	2 raða	180-200	50	59	
Hafrar til þroska	Biri	180-200	40	70	
Línfræ		Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Verð án vsk pr. kg	Pöntun
Elise		120	50	100	



# FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Mars 2004 - 26. árgangur. - 5. tölublað

## EFNI BRÉFSINS

Námskeið í kynbótum sauðfjár  
Bls. 1

Beiðsligreining  
Bls. 1

Jarðræktar- og  
plægingarnámskeið  
Bls. 1

Sæðisdropinn  
Bls. 2

Línrækt  
- Fræðslu- og umræðufundur  
Bls. 3

Berglind og Fanney Ólöf  
á Selfossi  
Bls. 3

Pöntunarblað fyrir sáðvörur  
Bls. 4

Ritstjórn:  
Jóhannes Hr. Simonarson,  
Runólfur Sigursveinsson,  
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Sigurmundsson  
Sími 480 1800 - Fax 480 1818  
Netfang: bssl@bssl.is  
Vefslóð: http://www.bssl.is  
ISSN 1605-7546  
Prentun:  
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

## Námskeið í kynbótum sauðfjár

Minni á námskeið í KYNBÓTUM SAUÐFIJÁR sem verður dagana 30. - 31. mars nk. á Hótel Kirkjubæjarklaustri. Leiðbeinandi verður Jón Viðar Jónmundsson.

Námskeiðið stendur yfir frá kl. 10:00 til kl. 17:00 fyrri daginn og 10:00 til 15:00 seinni daginn.

Markmið námskeiðsins er að efla áhuga og skilning á ræktunarstarfi í sauðfjárrækt. Nánari dagskrá er í síðasta fréttabréfi og á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is

Enn er hægt að skrá sig á námskeiðið og vil ég hvetja sauðafjábændur til að skrá sig og hlýða á fróðleikinn sem Jón Viðar ætlar að bjóða okkur upp á.

Þátttökugjald kr. 3.500 fyrir utan fæði sem þátttakendur greiða hver fyrir sig. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir námskeiðið.

Skráning fer fram hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 487 4818 á Kirkjubæjarklaustri og 480 1800 á Selfossi á milli kl. 8.00 og 16.00 eða á netfangi fol@bssl.is  
*Fanney Ólöf Lárusdóttir*

## Beiðsligreining

Námskeið í beiðsligreiningu mjólkurkúa verður haldið í fundasal MBF fimmtudaginn 1. apríl kl 10:30 til 17:00.

Fjallað verður um æxlunarfræði kúa, beiðsliseinkenni og helstu ófrjósemisvandamál. Að endingu verður farið í fjósið á St-Ármóti og yxna kýr skoðaðar. Fyrirlesari: Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir.

Þátttaka tilkynnist til Búnaðarsambands Suðurlands í síma 480 1800 á skrifstofutíma kl 8:00-16:00.

## Jarðræktar- og plægingarnámskeið

Þann 6. og 7. apríl n.k. verður haldið jarðræktar- og plægingarnámskeið að Stóra-Ármóti milli kl. 10 og 17 báða dagana - ef næg þátttaka fæst.

Fyrri dagur námskeiðsins byggist á fyrirlestrum þar sem áhersla er lögð á umfjöllun um plægingar en einnig verður fjallað almennt um jarðrækt, endurvinnslu túna, framræslu, grófvinnslu, sáningu o.fl.

Seinni dag námskeiðsins er verkleg kennsla í plægingum og er æskilegt að þátttakendur vinni þá með eigin plóg og dráttarvél.

Umsjón með námskeiðinu hafa Jóhannes og Kristján á BsSl. en leiðbeinendur eru Grétar Einarsson (RALA) og Ríkhart Brynjólfsson (LBH). Þátttökugjald er krónur 15.000 / 6.000 en Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir bændur um 9.000 krónur. Tími námskeiðsins er 18 kennslustundir alls. Námskeiðið er skipulagt í samvinnu við Bútækisvið RALA og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Skráning stendur yfir á skrifstofu Búnaðarsambandsins í síma 480 1800 milli kl. 08-12 og 13-16 alla virka daga til 1. apríl n.k.  
**Jarðræktarráðunautar.**



# SÆÐISDROPINN

Nú er lokið afkvæmadómi nauta fæddra 1997. Í þessum árgangi komu 24 naut til afkvæmadóms. Faðerni þessara nauta dreifist nokkuð en flesta syni á Þyrni 89001 eða sex talsins, Búi 89017 á fimm syni, Hvanni 89022 á tvo, Óli 88002 á fimm syni, Sporður 88022 á tvo og þá eiga eftirtaldir einn son hver; Almar 90019, Holti 88017, Andvari 87014 og Þráður 86013.

Nautaárgangurinn 1997 er hvað varðar afurðagetu langöflugasti nautahópur sem nokkru sinni hefur komið úr rannsókn hér á landi en meðaleinkunn fyrir árganginn í heild er 114 fyrir afurðagetu og mörg nautanna með yfir 120 og tvö þeirra yfir 130 fyrir þann eiginleika. Í öðrum eiginleikum er þessi nautahópur mjög breytilegur, finna má einstaka afbragðsgripa með tilliti til allra eiginleika, sem verið er að meta hjá dætrum þeirra, en hjá mörgum nautum eru einnig augljósir talsverðir veikleikar í einstökum eiginleikum. Þegar þessi hópur er borinn saman við nautin úr árgangnum áður, 1996 nautin, þá er t.d. augljóst að árgangurinn nú hefur þar ekki sömu kosti sem heild með tilliti til júgur- og spenagerðar og mjalta og þar voru, þó að margir kostagripir með tilliti til þessara eiginleika séu í hópnum.

Styrkur árgangsins kemur glögglega fram í því að af þessum 24 nautum fá 20 notkunardóm og þar af koma 10 til almennrar notkunar strax.

**Teinn 97001** er frá Akbraut í Holtum, undan Þræði 86013 og Ljómálin 058 Suðradóttur 84023. Teinn gefur mikla kostagripa um flesta eiginleika, mjög mjólkurlagnar kýr með hátt efnainnihald í mjólk, en að vísu ber aðeins á heldur veigalitlum kúm að bolbyggingu undan honum. Minnt er á að Teinn var hryggjóttur að lit og þess vegna erfir að jafnaði helmingur afkvæma hans þann lit frá honum. Heildareinkunn 114.

**Bylur 97002** er frá Hríshóli í Eyjafirði, undan Óla 88002 og Golu 362 Andvaradóttur 87014. Dætur hans eru mjög öflugar mjólkurkúr og kostagripir um flesta eiginleika, kynbótamat fyrir frjósemi dætra að vísu lágt og dómur um spena aðeins undir meðallagi og nokkuð ber á skapgöllum hjá kúm undan honum. Heildareinkunn 113.

**Stígur 97010** er frá Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi, undan Óla 88002 og Skessu 368 Hvannadóttur 89022. Dætur hans eru feikilega mjólkurlagnar og kostagripir um flesta eiginleika. Kynbótamat um gæðaröð er það lang hæsta sem nokkurt naut hér á landi hefur fengið eða 144 og lýsir ef til vill best ótrúlegum kostum dætra hans í augum þeirra bænda sem eiga þessar kýr. Heildareinkunn 122 eða hæsta heildareinkunn nauta á Íslandi.

**Brimill 97016** er frá Eystra-Seljalandi undir Eyjafjöllum, undan Búa 89017 og Ljómálin 187 Dálksdóttur 80014. Dætur hans eru mjög mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Veikleikar koma hins vegar aðeins fram í júgurgerð og dómur um mjaltir og skap hjá dætrum hans sýna nokkurn breytileika í þessum eiginleikum. Heildareinkunn 114.

**Kóri 97023** er frá Berustöðum í Ásahreppi, undan Búa 89017 og Kórónu 130 Þistilsdóttur 84013. Dætur hans eru mjög mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólkinni um meðallag. Þessar kýr fá góðan dóm um mjaltir en fyrir aðra eiginleika nær meðaltali. Heildareinkunn 109.

**Stallur 97025** er frá Syðri-Bægisá í Öxnadal, undan Hvanna

89022 og Smellu 169 Bæsadóttur 80019. Stallur er því hálfbróðir Smells 92028. Dætur hans eru afurðasamar og mjög jafnar kostakúr, vel byggðar og vinsælar kýr en mjaltir eru ögn breytilegar. Heildareinkunn 109.

**Randver 97029** er frá Egilsstaðakoti í Villingaholtshreppi, undan Búa 89017 og Randalín 205 Þistilsdóttur 84013. Dætur hans eru með fádæmum mjólkurlagnar en efnahlutföll í slöku meðallagi í mjólk. Hann fær góðan dóm um skap dætra, en sumar dætur hans eru tæplega nægjanlega veigamiklar kýr að skrokkyggingu. Heildareinkunn 114.

**Kubbur 97030** er frá Neðra-Hóli í Staðarsveit, undan Þyrni 89001 og Gæf 246 Stúfsdóttur 90035. Dætur hans eru mjög afurðasamar kýr og snotrar að gerð, aðeins ber á ívið grófri spenagerð hjá þeim en dómur um mjaltir, gæðaröð og skap mjög góður. Heildareinkunn 110.

**Þverteinn 97032** er frá Þverlæk í holtum, undan Holta 88017 og Tíund 341 Þistilsdóttur 84013. Dætur hans eru mjólkurlagnar en próteinhlutfall mjólkur ívið of lágt. Þetta eru glæsilegar kýr með afbragðsgóðar mjaltir. Heildareinkunn 112.

**Hersir 97033** er frá Birtingaholti IV í Hrunamannahreppi, undan Þyrni 89001 og Rifu 256, Bassadóttur 86021. Dætur hans eru mjög mjólkurlagnar með efnauðunga mjólk. Þær fá einnig mjög gott mat fyrir frumutölu í mjólk en dómur þeirra um mjaltir og skap er í slöku meðallagi. Heildareinkunn 114.

Nokkur hópur nauta til viðbótar úr þessum árgangi fékk notkunardóm og eins og bændur þekkja er mögulegt að sérpanta sæði úr þeim nautum óski einhverjir eftir að nota þau. Þar eru þessi naut; Gumi 97003 (104), Sekkur (109), Fákur (106), Nári 97026 (105), Póstur 97028 (104), Brúsi 97035 (108), Tígull 97036 (106), Rosi 97037 (104), Tumi 97039 (110) og Sópur 97040 (106). Talan í sviga er heildareinkunn þessara nauta og eins og lesendur sjá eru mörg þeirra með mjög góðan dóm.

Besta naut árgangsins 1997 dæmist Stígur 97010 frá Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi.

## Nautaskrá 2004

Í nautaskrá 2004 verða ofantalin naut auk eftirtalinnna eldri nauta: Pinkill 94013, Búri 94019, Drómi 94025, Túni 95024, Sproti 95036, Trefill 96006, Prakkari 96007, Úi 96016, Hófur 96027, Fróði 96028 og Hvítungur 96032.

## Nautsfeður

Vegna þess hve nautin eru mörg jöfn í heildardómi er farin önnur leið við val á nautsfeðrum en áður. Tvö naut úr hópnum hafa það mikla almenna kosti að þau eru valin sem nautsfeður á líkan hátt og verið hefur. Er það Teinn 97001 og Stígur 97010. Til viðbótar því er gert ráð fyrir að ná til notkunar tveimur nautum undan hverju af fimm nautum úr þessum hópi, en sérstaklega verða valdar kýr til að sæða með sæði úr þeim í þessum tilgangi. Þetta eru nautin; Bylur 97002, Brimill 97016, Randver 97029, Kubbur 97030 og Hersir 97033.

Val á aðeins tveimur aðal nautsfeðrum (og sérstaklega öðru nautinu sem toppi sem ekki hefur áður sést) býður augljóslega heim hættu á að sumir mundu vilja ganga mjög ótæpilega í

## Línrækt - Fræðslu- og umræðufundur

Mánudaginn 5. apríl efna Bændasamtök Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Feyging ehf. og Búnaðarsamband Suðurlands til fræðslu- og umræðufundar um línrækt. Fundurinn er einkum ætlaður þeim sem nú þegar hafa prófað línrækt og öðrum sem sérstakan áhuga hafa á slíkri ræktun.

Fundurinn hefst kl. 13.30 að Hlíðarenda á Hvolsvelli og er honum ætlað að fara yfir faglega þætti ræktunarinnar, þá reynslu þá sem komin er, ásamt stöðu og horfum við vinnslu og útflutning líns.

## Berglind og Fanney Ólöf á Selfossi

Undirritaðar verða á Selfossi í apríl sem hér segir:

- 05. - 06. apríl - Fanney Ólöf
- 19. - 20. apríl - Guðlaug Berglind

Aðra virka daga eru undirritaðar við, alla jafna, á skrifstofunni á Kirkjubæjarklaustri og er síminn þar 487 4818 og 480 1819.

*Guðlaug Berglind og Fanney Ólöf.*

Samskonar fræðslufundur verður haldinn á Hvanneyri degi síðar í samstarfi við áðurnefndar stofnanir/fyrirtæki og Búnaðarsamtök Vesturlands.

## Dagskrá fundanna er þannig:

- 1 Fundarsetning
- 2 Jarðvegur, geymsla og nýting næringarefna. Árni Snæbjörnsson, ráðunautur BÍ
- 3 Ræktun líns: Jarðvinnsla, illgresi, áburðargjöf, afbrigði o.fl. Jón Guðmundsson, sérfræðingur RALA
- 4 Línrækt — reynsla bónda: Ágúst Rúnarsson, bóndi, Vestra — Fíflholti, V.- Landeyjum
- 5 Línrækt — ræktun í héraði: Kristján Bj. Jónsson, ráðunautur Bssl
- 6 Vinnsla líns: Móttaka, úrvinnsla, gæðamál, markaður o.fl. Kristján Eysteinnsson, Feygingu ehf.
- 7 Umræður.



# SÆÐISDROPINN

notkun á þessum nautum og það biði m.a heim þeirri hættu að sæðisbirgðir úr þessum nautum yrðu þrotnar fyrir næstu áramót þegar sæðingar í reynd hefjast á mörgum búum sem hafa mjög samþjappaðan burðartíma á kúnum. Fagræð í nautgripærækt hefur því samþykkt, samkvæmt tillögu frá vinnuhópnum um ræktunarmál, að settur verði kvóti á notkun sæðis úr þessum tveimur nautum. Settur er ákveðinn lágmarksgrunnur fyrir öll bú sem er 3 strá úr hvoru nauti og þann grunn fá öll bú með lágmarksstærð og einnig öll bú sem standa utan skýrsluhaldsins.

Kvótinn eykst síðan með bústærð.

## Nautkálfar á stöð

Á árinu verða teknir nautkálfar á stöð undan eftirtöldum nautum: Prakkari 96007, Hófur 96027, Fróði 96028 og Hvítungur 96032. Þá geta kálfar undan eldri nautsfeðrum komið til greina. Lítið endilega vita um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá.

Á þessu ári eru menn beðnir að sæða nautsmæður með einhverju eftirtalinnna nauta: Teinn 97001 og Stígur 97010.

Þá eru Bylur 97002, Brimill 97016, Randver 97029, Kubbur 97030 og Hersir 97033 til notkunar á ákveðnar nautsmæður sem ákveðist í samráði við ráðunaut.

Á nautsmæðraskrá eru eins og áður kýr með 115 eða herra í kynbótamat og 90 eða herra fyrir prótein. Til greina kemur að taka nautkálfa undan kúm með kynbótamat á bilinu 110-114. Allar nautsmæður þurfa að vera kollóttar og gallalausar hvað varðar júgur, spena, mjaltir og skap. ATHUGIÐ að á útsendri nautsmæðraskrá eru allar ættfærðar kýr með 110 og herra í kynbótamat þó svo þær standist ekki kröfur varðandi útlitsdóm.

Þá er þeim tilmælum beint til manna að láta sæða efnilegar og vel ættaðar fyrsta og annars kálfs kvígur með nautsfeðrum þó kynbótamat liggi ekki fyrir með það í huga að bjóða nautkálfa undan þeim.

Ætternismat ásetningskvígna hefur verið sent út undanfarin ár og má nota það til hliðsjónar. Frjótækna hafa einnig lista með þeim kvígum sem álitlegar eru sem nautsmæður.

Það kostar ekkert að sæða kvígurnar nema örlitla vinnu - en er ekki ávinningurinn mikill?

## Holdasæði

Eins og áður stendur til boða sæði úr Angus, Galloway og Limousine nautum. Þau naut sem til er sæði úr eru:

**Angus:** Angi 95400, Álfur 95401 og Arður 95402.

**Galloway:** Holdi 83649, Reynir 83654, Rúgur 84666, Borði 85682, Hnallur 86690, Búálfur 87604, Frakkur 87696, Hímir 88610, Nóri 88611, Sóli 88612, Naglfari 90627, Bor 90632, Hólmi 91637, Mótor 91638 og Hofmann 92500.

**Limousine:** Ljúfur 95450, Ljómi 95451 og Lindi 95452.

Ávallt eru einhver þessara nauta í kútum frjótækna en sé áhugi á sérstöku nauti þá talið við frjótækni tímanlega ef það þyrfti að panta frá Hvanneyri.

## Ungnaut

Sæðistaka á Hvanneyri gengur þokkalega og notkun ungnauta hefur verið í góðu jafnvægi. Á árinu 2003 var notkun þeirra 50,11% af heildarnotkun sæðis.

Dreifingu er að ljúka, þ.e. 1.000 sk. farnir frá Hvanneyri, úr: Stokk 01035, Villingi 01036, Glæði 02001, Lykill 02003, Alfons 02008, Vað 02011 og Bangsa 02015.

Útsendingu er að ljúka úr Skurði 02012, Sendli 02013, Ófeigi 02016 og Hjaltalín 02018.

Útsending er vel á veg komin úr Gilsungi 02022, Berki 02023, Stórasteini 02024, Pontíusi 02028 og Flóa 02029.

Byrjað er að senda út úr Skjanna 02030, Fleyg 02031, Nóa 02033, Hlekk 02036, Aðli 02039 og Ás 02048.

Innan tíðar ætti dreifing að hefjast úr Sírfúsi og Þrym.

**Guðmundur Jóhannesson**